



Fréttatilkynning frá Kvinnalistanum:

LANDSFUNDUR KVENNALISTANS Á SELTJARNARNESI 15. - 17. NÓV. 1991

"SPINNUM PRÁÐ Í VELFERÐARVEFINN" er yfirskrift landsfundar Kvinnalistsans, sem haldinn verður í Félagsheimilinu á Seltjarnarnesi dagana 15. - 17. nóvember nk. Fundurinn mun, eins og yfirskriftin bendir til, snúast að verulegu leyti um velferðarkerfið, hvers vegna það skiptir konur svo miklu máli, á hvern hátt aðgerðir núverandi ríkisstjórnar snerta hag kvenna og hvernig Kvinnalistinn vildi fremur haga málum.

Fundurinn hefst með nokkurs konar forspili kl. 20.30 föstudaginn 15. nóvember. Anna Ólafsdóttir Björnsson flytur inngangsorð landsfundar, en ræðu kvöldsins flytur Helga Kress bókmenntafræðingur. Erindið nefnir hún MÁTTKAR MEYJAR og fjallar þar um herfarir karla gegn tröllkonum í íslenskum fornbókmenntum. Helga mun tengja þetta umfjöllunarefni að einhverju leyti við nútímann og er ekki að efa, að henni tekst að vekja áheyrendur til umhugsunar að venju. Málmfriður Sigurðardóttir les fundargestum pistilinn inn í nóttina, og það skal skýrt tekið fram, að þessi hluti landsfundarins er öllum opin án tillits til stjórnmalaskoðana.

Venjuleg landsfundarstörf hefjast svo kl. 9 laugardaginn 16. nóv., en að þeim loknum flytja Kristín Halldórsdóttir, Lára Björnsdóttir félagsráðgjafi og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir erindi um ýmsa þætti aðalefnis landsfundarins.

Unnur Dís Skaptadóttir mannfræðingur flytur erindi í laugardagshádeginu um sögulegar breytingar á fjölskyldugerð og kynhlutverkum, en að öðru leyti verða á laugardaginn almennar umræður og kynnt drög að ábyrgðunum.

Um kvöldið verður sameiginlegur kvöldverður með tilheyrandi uppákomum í Félagsheimilinu við Suðurströnd á Seltjarnarnesi.

Sunnudaginn 17. nóv. eru stjórnmal dagsins fyrst á dagskrá, en framsögu um þau hefur Kristín Ástgeirsdóttir. Þá verða almennar umræður og afgreiðsla ályktana.

Helga Sigurjónsdóttir framhaldsskólakennari flytur hádegisverðareriindi sunnudagsins og fjallar þar um næstu skref í kvennabaráttu.

Danfriður Skarphéðinsdóttir gefur fundarkonum síðan veganesti af landsfundi, sem ljúka mun um miðjan dag á sunnudag.

Reiknað er með því að landsfundarkonum gefist tími til að skokka um nágrennið á milli anna og notfæra sér hina ágætu sundlaug, sem er í sama húsi og Félagsheimilið við Suðurströnd á Seltjarnarnesi.

Landsfundurinn er opinn öllum kvennalistakonum, og er skráning hjá Kristínu í s. 91-624099 eða hjá Drífu á skrifstofu Kvennalistans á Laugavegi 17, sem er opin kl. 15 - 18 virka daga, s. 91-13725.

f.h. Samtaka um kvennalista



Kristín Halldórsdóttir
Kristín Halldórsdóttir.